

Nd.

85. Frumvarp til laga

[82. mál]

um breyting á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Flm.: Albert Guðmundsson, Guðmundur J. Guðmundsson, Matthías Bjarnason,
Guðmundur G. Þórarinnsson, Vilmundur Gylfason, Karvel Pálmason,
Jóhanna Sigurðardóttir, Birgir Ísl. Gunnarsson, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

3. málsg. 5. gr. laganna orðist svo:

Skylt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt, sem efnalítum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Sama gildir um slíka lífeyrisþega, sem ekki hafa verulegar tekjur umfram elli- og örorkulífeyri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga segir að sveitarstjórnnum sé heimilt að lækka eða fella niður fasteignaskatt, sem efnalítum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða.

Komið hefur í ljós, að margt af því fólki, sem rétt hefur til að njóta góðs af heimildarákvæði þessu, gerir sér ekki grein fyrir þessum rétti sínum og sækir ekki um niðurfellingu eða lækkun á fasteignasköttum sínum.

Þá hefur einnig komið í ljós, að réttahafar treysta sér oft ekki til að standa í slíkum bréfaskriftum við opinberar stofnanir.

Rétt og skylt er að geta þess, að flest sveitarfélög sýna lipurð og tillitssemi í þessum efnum. En þar sem í hlut á efnalítið fólk, sem verður að lifa á elli- og örorkulífeyri og hefur ekki gjaldþol til greiðslu slíkra fasteignaskatta, þykir flutningsmönnum eðlilegt að breyta þessari heimild sveitarstjórna í skyldu.